



Landssamtök hjólreiðamanna
Pósthólf 5193
125 Reykjavík
www.hjol.org
lhm@islandia.is

Samgöngunefnd Reykjavíkurborgar
Skúlatúni 2
105 Reykjavík

Reykjavík 20. september 2004.

Efni: Hönnun gatnamóta.

Landssamtök hjólreiðamanna harma að Reykjavíkurborg skuli þessa dagana vera að breyta leiðum gangandi og hjólandi vegfarenda við gatnamót eftir “breskri hönnun” sem ekki er í samræmi við íslenskan veruleika því hjólreiðar eru stundaðar á gangstéttum. Umrædd gatnamót eru nú við Kringlumýrar- og Miklubraut, Lönguhlíð og Miklubraut og Kringlumýrar- og Háaleitisbraut.

Ástæður.

- Í Bretlandi eru hjólreiðar að sjálfsögðu bannaðar á gangstéttum. Því er umrædd hönnun ekki hönnuð með umferð hjólreiðafólks í huga.
- Þar sem götuvitar á Íslandi eru ekki aðeins við stöðvunarlínu heldur einnig handan gatnamóta þá fara margir ökumenn yfir stöðvunarlínu og loka þar sem leið vegfarenda sem ætla yfir gangbraut, ekki síst vegna girðinga á umferðareyjnum (sjá mynd).
- Leið gangandi og hjólandi vegfarenda er vörðuð hættulegum köntum og beygjum sem skapar slysahettu á vegfarendum ekki síst þegar kantarnir liggja undir snjó. Kantarnir geta líka valdið tjóni á reiðhjólum og snjóruðningstækjum eins og þegar hefur orðið raunin (sjá mynd). Þessir kantar eru sérstaklega hættulegir vegna þess að ökumenn hér á landi geta óhindrað ekið gegnt rauðu ljósi um hægri beygju akreinar.
- Hönnun umræddra gatnamóta er tekin upp úr vinstri umferðar umhverfi og að hluta til ekki yfirfærð fyrir í hægri umferð. Því fá vegfarendur sem staddir eru á umferðareyjunni aðvífandi bílaumferð í bakið (á við um gatnamót Kringlumýrar- og Miklubraut).
- Þessi hönnun er í mótsögn við opinbera stefnu Reykjavíkurborgar AR05, AR15 og Sd21, einnig starfshóps sem lagt hefur fram tillögur um að auka vægi hjólreiða til samgangna í borginni.

Landssamtök hjólreiðamanna vilja að þessum framkvæmdum verði hætt hið bráðasta og fundin verði leið sem geri ráð fyrir því að umrædd gatnamót sem og önnur gatnamót fái sérstakar hjólreiðabrautir með fullgildum merkingum. Það er sérstaklega mikilvægt vegna þess að umferðaljós sem stýrast af skynjurum skynja ekki hjólreiðamenn hér á landi.

F.h. Landssamtaka hjólreiðamanna,
Magnús Bergsson



Á myndinni fyrir ofan má sjá að bílar sem fara yfir stöðvunarlínu loka fyrir girðingarhólfið á umferðareyjunni og þar með fyrir leið gangandi og hjólandi vegfarenda. Á myndinni má einnig sjá skemmdir á þeim köntum sem skapa aðeins slysaðettu þá sérstaklega hjólandi vegfarendum auk þess að valda skemmdum á snjóruðningstækjum borgarinnar.



Allir kantaendar á gatnamótum Kringlumýrar- og Miklubrautar eru skemmdir, líklega eftir snjóruðningstæki svo steypustyrktarjárn standa þar út í loftið. Það er mikilvægt að hönnun gangbrauta við gatnamót taki mið af þeirri umferð sem eftir göngustígum fer.